



Umsögn

Efni: Frumvarp til breytinga á 66. gr. laga um opinber fjármál, mál nr. 143/150
Viðtakandi: Fjárlaganefnd alþingis
Sendandi: Sviðstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Fyrir fjárlaganefnd Alþingis liggur frumvarp til breytinga á 1. ml. 66. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál, mál nr. 143/150. Hefur fjármála- og áhættustýringarsviði verið falið að undirbúa umsögn um tillöguna fyrir hönd Reykjavíkurborgar.

Samkvæmt 1. ml. 66. gr. ber ráðherra að meta fjárhagsleg áhrif stjórnarfrumvarpa áður en þau eru lögð fyrir ríkisstjórn og Alþingi samkvæmt reglum um starfshætti ríkisstjórnar. Þessu verklagi er ætlað að tryggja að lagabreytingar valdi ekki óvæntum kostnaðaráhrifum sem rúmast ekki innan fjárlaga og fjármálaáætlunar. Lítil vafi er á að þetta hefur aukið aga í fjármálastjórn ríkisins. Því miður hefur ekki sama aga gætt þegar um er að ræða stjórnarfrumvörp sem snerta fjármál sveitarfélaga og þyrfti að bæta úr því hið fyrsta.

Breytingartillagan felur í sér að taka einnig upp í 1. ml. 66. gr. laga um opinber fjármál að ráðherra skuli einnig meta loftslagsáhrif og áhrif á stöðu kynjanna á stjórnarfrumvörp áður en þau eru lögð fyrir ríkisstjórn og Alþingi.

Mat á áhrifum á stöðu kynjanna

Reykjavíkurborg hóf innleiðingu kynjaðrar fjárhagsáætlunar árið 2011 og er *jafnréttisskimun* og *jafnréttismat* mikilvægur þáttur í mati á breytingartillögum við fjárhagsáætlun og nýjum verkefnum. Reynslan borgarinnar sýnir að þetta verklag eykur gagnsæi og skilvirkni innan stjórnarsýslunnar jafnframt sem það nýtist til þess að koma jafnréttissjónarmiðum að við undirbúning verkefna.

Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að í svari fjármála- og efnahagsráðherra hafi markmiðum í innleiðingaráætlun kynjaðrar hagstjórnar og fjárlagagerðar, samþykkt í ríkisstjórn í júní 2015, um jafnréttismat á frumvörpum sem talin eru hafa miðlungs eða mikil áhrif á stöðu kynjanna ekki verið náð fyrir árin 2015-2017. Ef kemur til þess að breytingartillagan sem hér um ræðir verði samþykkt þá krefst það að verkefnisstjórn kynjaðrar fjárlagagerðar fái sterkara umboð til þess að fylgja eftir gerð jafnréttismats og að fest verði í sessi samræmt og formlegt verklag þvert á ráðuneyti sem tryggir vandaðri vinnu við gerð þessa mats. En það er mikilvægt fyrir vandaðra stjórnarsýslu að mat á áhrifum frumvarpa sé af góðum gæðum þannig að hægt sé að taka mið af þeim.

Mat á jafnréttisáhrifum stjórnarfrumvarpa á einnig mikilvægan hlut í því að ná fram markmiði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 sem kveður á um að gæta skuli jafnréttissjónarmiða og vinna að kynjasamþættingu í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum

samfélagsins. Breytingartillagan er að þessu leyti eðlilegt framhald af umbótaferli í því að bæta stjórnáslu jafnréttismála, þ.e. að jafnréttismat á stjórnarfrumvörpum verði lögbundið og þar með taki ríkisvaldið enn markvissari skref í átt að því að stuðla að auknu jafnrétti.

Mat á loftslagsáhrifum

Ríkisstjórnin er aðili að svonefndu Parísarsamkomulagi í loftslagsmálum sem miðar að kolefnislausu Íslandi árið 2040. Í Parísarsamkomulaginu skuldbatt Íslands sig til að **draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40% á milli árána 1990 og 2030**. Ísland, Noregur og lönd Evrópusambandsins útfærðu þetta markmið á þann hátt að hluti losunarsvæðisins telst sameiginlegur og fellur undir Evrópska viðskiptakerfið (ETS). Heildarlosun innan ETS er ætlað að dragast saman um 43% frá 2005-2030.

Reykjavíkurborg hefur einnig sett efni Parísarsamkomulagsins á dagskrá með aðild sinni að samkomulagi evrópskra borga um sama efni og nú með tillögum um Græna Planid en framtíðarsýn þess til ársins 2030 er:

KOLEFNISHLUTLAUS BORG: Reykjavík er kolefnishlutlaus, blómleg, skemmtileg og heilbrigð borg

GRÆNN VÖXTUR: Í Reykjavík er kraftmikill grænn vöxtur, samkeppnishæft borgarsamfélag og frjósamur jarðvegur fyrir skapandi hugmyndir sem laðar fólk að til búsetu, heimsókna og athafna

Reykjavík stefnir að kolefnishlutleysi ekki síðar en árið 2040. Helsta áskorun við að ná því marki er að draga hratt úr losun gróðurhúsalofttegunda. Á heimsvísu þarf losun að helmingast fram til ársins 2030 og helmingast aftur til 2040. Á sama tíma og dregið er úr losun þarf að auka kolefnisbindingu, m.a. með ræktun skóga og fjölbreytts gróðurs, endurheimt votlendis og stuðning og viðhald líffræðilegrar fjölbreytni. Til að undirbúa borgina fyrir áhrif loftslagsbreytinga þarf að eiga sér stað aðlögun að loftslagsbreytingum, svo sem sjó- og flóðavarnir og blágrænar ofanvatnslausnir, en þær aðgerðir fara oft saman við aðgerðir til kolefnisbindingar.

Reykjavíkurborg áformar margvíslegar aðgerðir til að ná þessum markmiðum eins og eftirfarandi útdráttur úr Græna planinu sýnir:

1. Drögum úr losun gróðurhúsalofttegunda

Grænni samgöngur, uppbygging á hringrásarhagkerfi og áhersla á vistvæn mannvirki verði í fyrirrúmi.

- Lögð verður áhersla á snarpan samdrátt í losun vegna umferðar í Reykjavík sem fyrst og fremst felur í sér breyttar ferðavenjur og orkuskipti í samgöngum. Aðgerðir sem greiða fyrir grænum samgöngum eru meðal annars hjólréiðááætlun, verkefni á sviði örflæði og framkvæmdir fyrir gangandi vegfarendur.
- Fjárfesting í Borgarlínu mun marka vatnaskil í almenningssamgöngum en jafnframt þarf að styðja við orkuskipti í öðrum almenningssamgöngum og móta innviði fyrir orkuskipti fyrir atvinnubifreiðar, fyrirtækjafloata og bílaleigur.
- Draga þarf úr myndun úrgangs og auka endurvinnslu, m.a. með eflingu grenndarstöðva. Draga þarf úr orkunotkun og hvetja til breytinga á framleiðsluaðferðum og neysluvenjum.
- Hringrásarhugsun er fyrirbyggjandi þáttur til að koma í veg fyrir myndun úrgangs og nýta auðlindir betur. Það felur m.a. í sér að hvetja til meiri endurnýtingar og flokkunar og minnka sóun, bæði hjá rekstraraðilum og íbúum. Hringrásarhagkerfið má efla með að styðja við nýja hugsun og nýsköpun við að hanna og vinna úr efnunum sem annars yrði hent.
- Vistvæn mannvirki. Reykjavíkurborg mun fjölga kolefnishlutlausum byggingum í borginni. Í nýbyggingum og endurgerð verður í stóru mæli gerð krafa um sjálfbærnivottun (m.a. BREEAM) húsnæðis borgarinnar. Þá verður áfram áhersla á LED-væðingu í götulýsingu.

- Áhersla verður á stafræna umbreytingu í þjónustu borgarinnar og grænan rekstur sem tekur mið af því að umbreyta innra starfi borgarinnar og þjónustu hennar út á við. Markmiðið er að veita jafnara aðgengi að betri þjónustu, með minni tilkostnaði, minni ferðapörf, grænni hýsingu gagna, einfaldari rekstri upplýsingakerfa og þar með minnka kolefnisfótspor borgarinnar.
- Stefnt verði að kolefnislausum innkaupum borgarinnar, orkuskiptum í bílaflota borgarinnar og tryggja innviði sem styðja við orkuskiptin.
- Orkuveita Reykjavíkur þróar áfram verkefni sitt við að binda gróðurhúsagas í grjót.

2. Eflum græn svæði og kolefnisbindingu

Borgin mun leggja áherslu á kolefnisbindingu, að auka gróður í borgarumhverfinu, fegra grænu svæðin og tengja þau með grænu neti. Græn svæði og tengsl við náttúru hafa umtalsverð jákvæð áhrif á andlega og líkamlega heilsu fólks, stuðla að hreyfingu og styður við líffræðilega fjölbreytni.

- Áhersla er á sjálfbæra landnotkun með endurheimt votlendis og viðhaldi líffræðilegrar fjölbreytni.
- Þétting byggðar verður einkum á áður röskuðum svæðum og þjónusta nærumhverfis verði í göngufæri.
- Styrkja á samfelldan vef opinna svæða um allt borgarlandið m.a. með skógrækt sem tengir saman hverfi, heimili, og atvinnusvæði sem og mennta- og menningarstofnanir.
- Borgin mun starfa með fyrirtækjum sem hún á aðild að og sveitarfélögum í nágrenni höfuðborgarinnar, að greiða aðgengi borgaranna að grænum svæðum sem falla undir þau.

3. Aðlögum borgina að áhrifum loftslagsbreytinga

Borgin þarf bæði að vinna gegn loftslagsbreytingum og laga sig að þeim. Búa þarf hafnarmannvirki og strandsvæði undir hækkandi yfirborð sjávar og veitukerfi þurfa að geta ráðið við aukna úrkomu. Ný hverfi verða þróað með tilliti til þess að nýta affallsvatn betur og hanna hringrásarlausnir til að bregðast við áhrifum af breyttu veðurfari.

- Flóðavarnir verða með grænum áherslum og mannvæn svæði sem nýtast einnig til útivistar.
- Veitukerfið og innviðir þess verður styrkt til að draga úr álagi vegna aukinnar úrkomu.
- Áhersla verður lögð á blágrænar ofanvatnslausnir.

4. Betra aðgengi að heilnæmum útivistarmöguleikum og matvælum

Borgin mun leggja áherslu á að íbúar hafi gott aðgengi að grænum svæðum til þess að ástunda hreyfingu og njóta ábata útiveru. Þá verður aðgengi og framboð á matvælum úr

- Reykvikingar búa við bestu mögulegu skilyrði til að nærast vel þar sem ávallt er heilsusamlegur matur í göngufjarlægð.
- Aukin borgarþúskapur í formi borgargarða og matjurtagarða hjá stofnunum og heimilum.
- Stuðlað verði að heilsueflandi samfélagi og aðstöðu þar sem börn, unglingar og fólk á öllum æviskeiðum hafi tækifæri til að stunda íþróttir, líkamsrækt og hreyfingu í nærumhverfi sínu.
- Áhersla á heilsulæsi og þekkingu á áhrifaþáttum heilsu sem gerir fólki kleift að taka jákvæðar ákvarðanir varðandi heilsu sína og líðan. Gerum holla valið auðveldara og það óholla erfiðara í samfélaginu almennt.

Til að mæla árangur Græna plansins mun Reykjavíkurborg horfa til innleiðingar staðla sem mæla sjálfbærni. Reykjavíkurborg skrifaði í september 2020 undir samning um að innleiða staðalinn ISO 37120, um sjálfbærar borgir og samfélög frá alþjóðlegu samtökunum World Council on City Data (WCCD). Staðallinn mælir, umhverfislega, efnahagslega og samfélagslega sjálfbærni borgarinnar og styður við innleiðingar borga á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Það er mikilvægt skref ef ríkið tekur upp alþjóðlega viðurkennt mat á loftslagsáhrifum allra stjórnarfrumvarpa í því skyni að fylgja eftir af festu þeim ásetningi íslensku ríkisstjórnarinnar sem felst í skuldbindingum við Parísarsamkomulagið. Frumvarpið verður að skoða sem beint framhald af aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum frá því í júní 2020 sem segir: „Tekin verður upp sú nýbreytni að lagafrumvörp verða sérstaklega rýnd út frá loftslagsáhrifum þeirra. Til að byrja með

verður þetta gert við valin frumvörp í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu en síðar er stefnt að því að þetta eigi við um öll frumvörp sem lögð verða fyrir Alþingi.“

Ef frumvarpið fær brautargengi hjá Alþingi mun það hafa mikil og jákvæð áhrif. Reykjavíkurborg styður það heilshugar.

*Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs Reykjavíkurborgar*